

# LÖG

## **um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

### I. KAFLI

#### **Breyting á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.**

##### 1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði 1.–6. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, ásamt síðari breytingum, taka þó ekki gildi um atvinnu- og búseturétt ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands fyrr en 1. maí 2006. Hið sama gildir um aðstandendur þessara ríkisborgara skv. 10. og 11. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE.

### II. KAFLI

#### **Breyting á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga.**

##### 2. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði a-liðar 14. gr. tekur þó ekki gildi að því er varðar rétt ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands til að starfa hér á landi fyrr en 1. maí 2006, sbr. þó lög nr. 54/2001, um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja.

##### 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2004.

*Gjört í Reykjavík, 28. apríl 2004.*

**Halldór Ásgrímsson.**

**Halldór Blöndal.**  
(L. S.)

**Markús Sigurbjörnsson.**

---

*Árni Magnússon.*